

# Lagabreytingatillögur Stjórnar ÍSS

27. skautaping ÍSS 2026



# Lög Skautasambands Íslands (ÍSS)

<b>I. KAFLI GILDISSVIÐ O.FL.</b>	<b>2</b>
1. GREIN SKAUTASAMBAND ÍSLANDS (ÍSS)	2
2. GREIN AÐILD AÐ ÍSS	2
3. GREIN TILGANGUR OG MARKMIÐ ÍSS	2
4. GREIN STJÓRNUN ÍSS	2
<b>II. KAFLI SKAUTAÞING</b>	<b>3</b>
5. GREIN VALDSVIÐ OG FULLTRÚAR	3
6. GREIN TÍMASETNING OG BOÐUN	3
7. GREIN KJÖRNEFND	4
8. GREIN DAGSKRÁ	4
9. GREIN STÖRF SKAUTAÞINGS	4
10. GREIN AUKAÞING	5
11. GREIN REIKNINGSSKIL OG PRÓKÚRA	5
<b>III. KAFLI STJÓRN OG NEFNDIR</b>	<b>6</b>
12. GREIN SKIPUN STJÓRNAR	6
13. GREIN HLUTVERK OG VERKEFNI STJÓRNAR	6
14. GREIN NEFNDIR ÍSS	7
15. GREIN VERKEFNI FASTANEFNDA	7
16. GREIN SIÐAREGLUR OG VANHÆFI	8
<b>IV. KAFLI AÐILDARFÉLÖG ÍSS</b>	<b>9</b>
17. GREIN SKIL Á SKÝRSLUM	9
18. GREIN FORMANNAFUNDIR	9
19. GREIN AÐGANGUR AÐ MÓTUM OG SÝNINGUM	9
20. GREIN AÐALFUNDIR AÐILDARFÉLAGA	9
21. GREIN FÉLAGASKIPTI	9
<b>V. KAFLI ÖNNUR ÁKVÆÐI</b>	<b>10</b>
22. GREIN MEÐFERÐ DEILUMÁLA	10
23. GREIN VIÐURLÖG	10
24. GREIN <del>23. GREIN</del> MERKI ÍSS	10
25. GREIN <del>24. GREIN</del> HEIÐURSFÉLAGAR	10
26. GREIN <del>25. GREIN</del> SAMBANDSSLIT	11

## I. Kafli Gildissvið o.fl.

### 1. grein

#### Skautasamband Íslands (ÍSS)

Sambandið heitir: Skautasamband Íslands, skammstafað ÍSS.

Skautasamband Íslands (ÍSS) er æðsti aðili um öll skautamál er varða listskauta og/eða skautahlaup innan vébanda Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, skammstafað ÍSÍ. ÍSS er aðili að Alþjóðaskautasambandinu (International Skating Union, ISU). ÍSS er jafnframt fulltrúi fyrir ISU hér á landi.

Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. grein

#### Aðild að ÍSS

ÍSS er samband ~~íþróttahéraða og aðildarfélaga þeirra íþróttafélaga. Öll íþróttafélög innan ÍSÍ~~ sem iðka, æfa og keppa í skautaíþróttum ~~sbr. 1. gr. geta orðið aðilar að ÍSS.~~

Athugasemd stjórnar:

Ábending frá ÍSÍ til samræmingar við lög og reglur hjá ÍSÍ

### 3. grein

#### Tilgangur og markmið ÍSS

1. Að hafa yfirstjórn allra skautamála á Íslandi sbr. 1. grein
2. Að vinna að eflingu skautaíþróttá í landinu
3. Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa mótum, skrá afrek og staðfesta met
4. Að koma fram héraðs og erlendis fyrir hönd skautaíþróttá á Íslandi
5. Að sjá um að reglur ÍSS séu í samræmi við alþjóðareglur ISU
6. Að vera í forsvari fyrir skautaíþróttir innan vébanda ÍSÍ
7. Að halda námskeið fyrir þjálfara, dómara- og tæknifólk

### 4. grein

#### Stjórnun ÍSS

Málefnum ÍSS stjórnar:

1. Skautaping.
2. Stjórn ÍSS.

Stjórn ÍSS getur falið nefndum undirbúning og úrlausn ákveðinna verkefna eftir atvikum hverju sinni.

## II. Kafli Skautaping

### 5. grein Valdsvið og fulltrúar

Skautaping fer með æðsta vald í málefnum ÍSS.

Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttafélögum sem mynda ÍSS.

Fulltrúafjöldi hvers aðildarfélags fer eftir tölu iðkenda samkvæmt starfsskýrslum síðasta árs til ÍSÍ ~~síðasta árs~~, sbr. 2. grein.

1. Fyrir fyrstu 50 iðkendur koma 2 fulltrúar
2. Síðan 1 fulltrúi fyrir næstu 50 eða brot úr 50
3. Fjöldi fulltrúa takmarkast þó við að ekkert aðildarfélag geti haft meira en 49% fulltrúa

Hafi aðildarfélag ekki greitt eða samið um greiðslu aðildargjalds síðasta árs eða ára til ÍSS ~~á það á hættu að missa~~ missir það rétt á þingsetu. Hafi aðildarfélag ekki greitt eða samið um greiðslu iðkenda ~~gjaldgjöld~~ síðustu síðasta árs eða ára ~~á það á hættu að missa~~ missir það atkvæðisrétt sinn á þingi.

Stjórn ÍSS hefur úrskurðarvald hvað þetta varðar.

Stjórn hvers íþróttahéraðs héraðssambands/íþróttabandalags, sem hefur innan sinna vébanda félög er iðka, æfa og keppa í skautaiþróttum sbr. 1. gr, skal ~~þé~~ eiga rétt á a.m.k. einum áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt á sérsambandsþingi til viðbótar við fulltrúa aðildarfélaga innan viðkomandi íþróttahéraðs héraðssambands/íþróttabandalags.

Á Skautapingi hafa fulltrúar aðildarfélaga kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt. Hver fulltrúi með atkvæðisrétt hefur eitt atkvæði.

Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

1. Stjórn ÍSS, varastjórn og skoðunarmenn ársuppgjör
2. Framkvæmdastjórn ÍSÍ
3. Fastráðnir starfsmenn ÍSS og ÍSÍ
4. Nefndarmenn ÍSS
5. ~~Forseti ÍSÍ~~

Ef ástæða þykir getur stjórn ÍSS boðið öðrum aðilum þingsetu.

Athugasemd stjórnar:

- a. málfar lagað í fyrstu málsgrein
- b. ábending frá ÍSÍ um að viðurlög séu skýrari og ekki bundin mati stjórnar.
- c. íþróttahérað í samræmi við ÍSÍ
- d. kjörnir fulltrúar er ekki rétt þar sem fulltrúar eru ekki valdir í sérstöki kjöri.
- d. Forseti ÍSÍ er hluti af framkvæmdastjórn ÍSÍ

### 6. grein Tímasetning og boðun

Skautaping skal haldið árlega í apríl eða maí. Boða skal til Skautapings opinberlega með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Tilkynning á heimasíðu ÍSS telst sem opinber birting boðun. Fundarboðið skal senda þeim aðildarfélögum sem eiga rétt á fulltrúum á þingið ásamt öðrum sem eiga rétt á þingsetu.

Stjórn ÍSS ákvarðar fundarstað.

Skautaping er lögmætt, ef löglega er til þess boðað sbr. 1. mgr.

Athugasemd stjórnar:

- a. Samræmt orðalag í greininni. Birting er breytt í boðun
- b. ásamt öðrum sem eiga rétt á þingsetu. Bætt við til samræmingar

## 7. grein Kjörnefnd

Hvert aðildarfélag á sæti í Kjörnefnd og skal hún taka til starfa 1. febrúar ár hvert.

Hlutverk Kjörnefndar er að taka á móti framboðum í stjórn og varastjórn ÍSS og starfar hún samkvæmt reglugerð um Kjörnefnd. Kjörnefnd skal auglýsa framboðsfrest opinberlega.

Tilkynningar um framboð skulu berast Kjörnefnd eigi síðar en þremur vikum fyrir Skautaping. Hafi ekki nægilegur fjöldi gefið kost á sér á þeim tíma er Kjörnefnd heimilt að framlengja framboðsfrestinn enda sé það tryggilega tilkynnt aðildarfélögum. Hafi ekki næg framboð borist er leyfilegt að bjóða sig fram á þingi.

Þeir sem bjóða sig fram til stjórnarsetu í stjórn ÍSS mega ekki hafa hlotið refsídóma vegna brota á ákvæði XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eins og kveður á í lögum ÍSÍ, [gr. 7.1., f. lið. 2 - kafla 5a](#). Sama gildir um þá sem hlotið hafa refsídóm fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni, nr. 65/1974, á s.l. fimm árum.

Aðilar sem kosnir eru í stjórn ÍSS geta ekki jafnhliða verið stjórnarmeðlimir aðildarfélaga, né virkir iðkendur eða starfsmenn viðkomandi aðildarfélaga.

~~Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum.~~

Athugasemd stjórnar:

a. Lagagrein sem vísað er í er uppfærð

b. Setningin: „Kjörnefnd er eftirlitsaðili með kosningum.“ Er tekin út.

Þetta hefur þegar verið tekið út úr reglugerðum ÍSS og er þessi breyting til samræmingar.

Kjörnefnd mætir ekki endilega á Skautaping, en sér um að afla framboða og um lögbundnar auglýsingar.

## 8. grein

### Dagskrá

Aðildarfélög að ÍSS, sbr. 2. grein, skulu tilkynna ÍSS minnst þremur vikum fyrir þing um málefni sem þeir óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu.

Stjórn ÍSS skal tilkynna aðildarfélögum skriflega dagskrá þingsins, efni tillagna sem ræða á á þinginu ásamt framboðum sem borist hafa í síðasta lagi tveimur vikum fyrir þing.

Þingið getur með 2/3 hluta atkvæða viðstaddra leyft að taka fyrir mál sem koma fram eftir að dagskrá þingsins var send aðildarfélögum. Þetta á þó ekki við um lagabreytingar.

## 9. grein

### Störf Skautapings

Dagskrá Skautapings skal vera eftirfarandi:

1. Þingsetning
2. Kosin þriggja manna kjörbréfanefnd
3. Kosning þingforseta
4. Kosning þingritara
5. Skýrsla stjórnar lögð fram
6. Ársuppgjör sambandsins lagt fram
7. Umræður og samþykkt reikninga
8. Ávarp gesta
9. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram [og vísað til fjárhagsnefndar](#)
10. Kosning [formanna](#) þingnefnda
  - a. [Laganefnd](#)
  - b. [Fjárhagsnefnd](#)
  - c. [Allsherjarnefnd](#)
  - d. [Aðrar tilfallandi nefndir](#)
11. Lagabreytingatillögur
12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið ef þingmeirihluti leyfir

13. Þingnefndir taka til starfa
14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum
15. Umræður um tillögur nefnda og atkvæðagreiðslur um þær
16. Kosning stjórnar ÍSS og varastjórnar, skv. 12. gr.
17. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga
18. Þingslit

Til breytinga á lögum þarf samþykki 2/3 hluta atkvæðisbærra fulltrúa.

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öðrum málum, nema annað segi í lögum þessum.

~~Þingnefndir skulu skipaðar fjórum til fimm einstaklingum, en öðrum þingfulltrúum er heimilt að velja sér starfsnefndir.~~

Athugasemd stjórnar:

a. og vísað til fjárhagsnefndar bætt við til skýringar

b. 10. Liður uppfærður. Skautaping kys alltaf formenn þingnefnda. Þingnefndir listaðar til skýringar.

c. Setning um skipun þingnefnda tekin út. Skautaping hefur ekki starfað eftir þessu.

#### 10. grein

##### Aukaping

Aukaping má halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur aðildarfélaga óskar þess. Boða skal til aukapings með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Á aukapingi má ekki gera lagabreytingar né kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt Skautaping.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga á aukapingi skal vera sá sami og þau höfðu á síðasta Skautapingi sem haldið var.

#### 11. grein

##### Reikningsskil og prókúra

Reikningsár ÍSS er almanaksárið.

Áritað ársuppgjör skal liggja fyrir viku fyrir ársþing.

ÍSS ritar meirihluti stjórnar. ~~Ggjaldkeri og framkvæmdastjóri hafa prókúru fyrir ÍSS.~~

Athugasemd stjórnar:

a. málfar uppfært til skýringar.

### III. Kafli Stjórn og nefndir

#### 12. grein

##### Skipun stjórnar

Stjórn ÍSS skipa fimm einstaklingar og tveir til vara sem kosnir eru á Skautabíngi. Formaðurinn er kosinn sérstaklega, en aðrir stjórnarmenn skipta með sér embættum, varaformaður, gjaldkeri, ritari og meðstjórnandi. Varastjórn er kosin sérstaklega.

Forfallist formaður eða hætti á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans fram að næsta Skautabíngi.

Kosning stjórnar ÍSS er til tveggja ára. Á sléttu ártali skal kjósa tvo aðalmenn og einn varamann. Hitt árið skal kjósa formann, tvo aðalmenn og einn varamann.

Til að hljóta kosningu til formanns þarf hreinan meirihluta atkvæða. Náist ekki meirihluti atkvæða skal kjósa aftur um tvö efstu framboðin. Verði atkvæði jöfn er hlutkesti látið ráða nema fundurinn samþykki aðra tilhögun.

Athugasemd stjórnar:

a. stjórnarmenn bætt við til skýringar

#### 13. grein

##### Hlutverk og verkefni stjórnar

**Hlutverk stjórnar ÍSS er í samræmi við markmið þess og er eftirfarandi:**

1. Að hafa yfirstjórn allra skautamála á Íslandi milli Skautabínga og framkvæma ályktanir Skautabíngs
2. Að vinna að eflingu skautaíþróttá í landinu
3. Að gefa út leikreglur og reglugerðir fyrir skautaíþróttir sem jafnframt eru í samræmi við alþjóðareglur ISU
4. Að senda ÍSÍ og ISU lögboðnar skýrslur og tilkynningar
5. Að aðstoða og hafa eftirlit með að aðildarfélög fari eftir viðurkenndum lögum og leikreglum
6. Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði
7. Að ráða niður og ákveða stað og tíma sambandsmóta
8. Að úthluta þeim styrkjum til skautamála sem ÍSS fær til umráða
9. Að koma fram héraendis og erlendis fyrir hönd skautaíþróttá
10. Að halda regluleg námskeið fyrir þjálfara, dómara og tæknifólk

Að auki skal stjórn velja fulltrúa á Íþróttabíng ÍSÍ, skv. lögum ÍSÍ.

Stjórnin hefur heimild til að ráða launaða starfsmenn og gera við þá ráðningarsamninga.

Formaður ÍSS boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

Til þess að ákvarðanir í málum, sem stjórnin fjallar um, séu gildar þarf samþykki meirihluta stjórnarinnar á löglegum stjórnarfundi. Stjórnarfundur telst löglegur ef a.m.k. þrjú formaður ásamt tveimur stjórnar- eða varastjórnarmenn eru viðstaddir og allir stjórnarmenn hafa verið boðaðir á fundinn.

Fundi í stjórninni skal halda. Stjórn skal funda reglulega. Varastjórnarmenn skulu einnig boðaðir á fundi með sama hætti og taka sæti aðalmanna í forföllum þeirra. Auk þess skal kalla saman stjórnarfundi, ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess.

Við stjórnarákvarðanir ræður einfaldur meirihluti, en falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

Athugasemd stjórnar:

a. stjórn uppfært til þess að hafa samræmi í lögum um notkun á greini

b. Uppfærsla: stjórnarfundur telst löglegur ef a.m.k. þrjú stjórnar- eða varastjórnarmenn eru viðstaddir.

Ábending frá ÍSÍ að það væri athugasemd að það sé skilyrði að formaður sé á fundi

c. Málfar uppfært: stjórn skal funda

## 14. grein Nefndir ÍSS

Eftirfarandi fastanefndir skulu starfa innan ÍSS:

- Mótanefnd
- Afreksnefnd - Listskautar
- Laganefnd
- Tækninefnd - Listskautar
- Fræðslunefnd
- Skautahlaupsnefnd

Stjórn ÍSS er heimilt að skipa aðrar nefndir til einstakra verkefna hverju sinni.

Stjórn ÍSS skipar formenn fastanefnda til eins árs í senn skv. reglugerð viðkomandi nefndar sem stjórn ÍSS setur. Stjórn og formenn viðkomandi nefndar skipa aðra nefndarmenn.

Afreksnefnd ásamt tækninefnd skulu eingöngu skipaðar fólki með fagþekkingu á íþróttum innan ÍSS. Nefndarmenn í afreksnefnd skulu ekki koma að þjálfun iðkenda sem nefndin fjallar um eða á afreksstigi. Nefndir skulu starfa samkvæmt reglugerðum.

Ákvarðanir og/eða verkefni nefnda eru háð samþykki stjórnar nema annað leiði af lögum þessum eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

Starfstímabil fastanefnda er samkvæmt reglugerð.

Stjórn ÍSS er heimilt að skipa áheyrnarfulltrúa í öllum nefndum á vegum sambandsins.

Athugasemd stjórnar:

a. Skautahlaupsnefnd bætt við í fastanefndir

b. texti um áheyrnarfulltrúa er uppfærður í samræmi við reglugerðir

## 15. grein Verkefni fastanefnda

Nefndir skulu starfa samkvæmt starfslýsingum í reglugerðum er varða hverja nefnd.

Helstu verkefni fastanefnda ÍSS skulu vera sem hér segir:

- **Mótanefnd** hefur yfirumsjón með framkvæmd ÍSS móta og skal hafa eftirlit með framkvæmd annarra skautamóta og fylgja eftir að þau séu í samræmi við útgefnar móta- og keppnisreglur.
- **Afreksnefnd - Listskautar** vinnur að samkvæmt útgefinni afreksstefnu ÍSS og skal sjá um val í landsliðsverkefni sem og skautara ársins ásamt verkefnum sem snúa að afrekskauturumstarfi, landsliðum og tilnefningu á skautara/um ársins.
- **Laganefnd** skal vinna að endurskoðun laga og reglugerða ÍSS til samræmingar og/eða leiðréttingar.
- **Tækninefnd - Listskautar** ber ábyrgð á málefnum er varða leikreglur um dómaramál og dómgæslu.
- **Fræðslunefnd** sér um menntun fagfólks á sviði þjálfunar og almenna fræðslu íþróttanna.
- Skautahlaupsnefnd vinnur að málefndum er varðar skautahlaup

Að auki geta nefndir ályktað um einstaka málefni er upp koma gætu komið á starfstíma þeirra

Athugasemd stjórnar:

a. Verkefni afreksnefndar-listskautar eru uppfærð í samræmi við reglugerðir. Forðumst að tvítaka á milli útgefinna skjala til þess að valda ekki misræmi.

b. til samræmingar og/eða leiðréttingar er fjarlæggt. Er tilgreint í reglugerðum.

c. Skautahlaupsnefnd bætt við

d. málfar leiðrétt

**16. grein**  
**Siðareglur og vanhæfi**

Einstaklingar sem vinna fyrir hönd ÍSS í stjórnar- og nefndarvinnu sem og á mótum skulu í hvívetna fara eftir siðareglum Skautasambands Íslands (ÍSS), Alþjóðaskautasambandsins (ISU) og Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍÍ).

Einstaklingar sem koma að meðferð og afgreiðslu máls ber að víkja sæti þegar það varðar þá eða nána venslamenn þeirra svo sérstaklega, að almennt má ætla að ~~vilja~~ afstaða þeirra mótist að einhverju leyti þar af. Sá sem er vanhæfur til meðferðar máls má ekki taka þátt í undirbúningi, meðferð eða úrlausn þess. Honum er þó heimilt að gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að halda máli í réttu horfi á meðan staðgengill er ekki til staðar.

Ef vafi leikur á hæfi stjórnarmanns að mati annarra stjórnarmanna eða hlutaðeigandi aðila, skal stjórnin, að viðkomandi stjórnarmanni undanskildum, taka ákvörðun um hæfi hans áður en málið er tekið til afgreiðslu.

Athugasemd stjórnar:

- a. Ábending frá ÍÍ um að þessa grein þurfi að uppfæra.
- b. Málsgrein bætt við í lokin í samræmi við lög ÍÍ

## IV. Kafli Aðildarfélög ÍSS

### 17. grein Skil á skýrslum

Ársskýrslur og ársuppgjör aðildarfélaga ÍSS skulu berast á tölvutæku formi til ÍSS fyrir 15. apríl ár hvert.

### 18. grein Formannafundir

Stjórn ÍSS skal í lok upphafi keppnistímabils boða til fundar með formönnum þeirra félaga sem aðild eiga að sambandinu.

Fundurinn skal boðaður skriflega eða á annan sannanlegan hátt, með tveggja vikna fyrirvara. Hlutverk formannafunda er til upplýsinga og samráðs. Dagskrárliðir skulu kynntir í fundarboðinu.

Í forföllum formanna taka varaformenn sæti í þeirra stað. Að öðrum kosti stjórnarmenn samkvæmt ákvörðun hlutaðeigandi aðildarfélags. Að auki getur stjórn ÍSS boðið öðrum aðilum að sitja fundi ef hún telur ástæðu til.

Á dagskrá formannafunda skal vera:

1. Skipulag komandi keppnistímabils og verkefni framundan
2. Áherslur stjórnar fyrir tímabilið kynntar
3. Reglubreytingar
4. Önnur mál

Athugasemd stjórnar:

a.í lok sett inn í staðinn fyrir í upphafi. Venja hefur myndast þar sem formannafundur er haldinn að vori. Telst það betri tímasetning til samvinnu við aðildarfélög.

b.komandi bætt við til skýringar í samræmi

### 19. grein Aðgangur að mótum og sýningum

Stjórn ÍSS og starfsmenn sambandsins hafa frjálstan aðgang að öllum skautamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda ÍSS.

### 20. grein Aðalfundir aðildarfélaga

Aðildarfélög skulu tilkynna stjórn ÍSS um aðalfundi sína með að lágmarki tveggja vikna fyrirvara. Stjórn ÍSS og starfsmenn sambandsins hafa rétt til að sitja aðalfundi aðildarfélaga.

### 21. grein Félagaskipti

Félagaskipti skulu fara fram eftir reglugerð ÍSS um félagaskipti.

## V. Kafli Önnur ákvæði

### 22. grein Meðferð deilumála

Dómstólar ÍSí fara með mál sem upp kunna að koma innan skautahreyingarinnar, samkvæmt 4. kafla í lögum ÍSí um Dómstóla ÍSí. Skal þá farið eftir reglum ISU, eftir því sem við á. ~~Slíkum úrskurði geta aðilar þó vísað til Dómstóla ÍSí eða ISU, eftir því sem við á hverju sinni.~~

Athugasemd stjórnar:

- a. Ábending frá ÍSí um það að síðasta setningin taldist ekki nægilega skýr.  
Þar sem að vísað er í lög ÍSí og reglur ISU teljum við best að útlista þetta ekki sérstaklega

### 23. grein Viðurlög

Viðurlög við brotum á lögum þessum og reglugerðum ÍSS geta verið eftirfarandi:

Gagnvart félögum:

- a) Áminning
- b) Bann við þátttöku á mót/viðburði
- c) Bann við að halda mót/viðburði
- d) Brottvísun úr ÍSS mót/viðburði
- e) Fésekt

Gagnvart einstaklingum:

- a) Áminning
- b) Brottvísun úr mót/viðburði
- c) Keppnisbann á mótum
- d) Bann frá búningaklefum, keppnissvæði og/eða keppnisstað/viðburða
- e) Bann frá allri þátttöku í skautáþróttum

Stjórn ÍSS tekur ákvörðun um viðurlög.

Nánar er fjallað um beitingu viðurlaga í reglugerð

Athugasemd stjórnar:

Ný grein inn í lög. Þetta er gert samkvæmt kröfu ÍSí í framhaldi af Íþróttáþingi 2025.  
Greinin er í samræmi við fordæmi og kröfur ÍSí

### ~~24. grein 23. grein~~ Merki ÍSS

Merki ÍSS er myndað af bókstafnum Í og tveimur bókstöfum S sem umvefja stafinn Í eins og skautarákir á ís.

### ~~25. grein 24. grein~~ Heiðursfélagar

Heiðursfélaga ÍSS má stjórnin kjósa, ef hún er einhuga um það.

## 26. grein 25-grein

### Sambandslit

Tillögur um að leggja ÍSS niður má aðeins taka fyrir á lögsmætu Skautapingi. Til þess að samþykka þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða viðstaddra skráðra fulltrúa. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum aðildarfélögum grein fyrir henni í þingskýrslu ~~nni~~ og tillagan látn ganga til næsta reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan þá samþykkt aftur með 3/4 hluta atkvæða, er það fullgild ákvörðun um að leggja ÍSS niður. Ákveður það þing síðan hvernig ráðstafa skuli eignum ÍSS; en þeim má aðeins verja til eflingar skautaiþróttá í landinu.

Athugasemd stjórnar:

- a. Númer á greinum 24 – 26 uppfærð í samræmi við nýja grein
- b. þingskýrslu ~~nni~~ – greinir fjarlægður til samræmingar